


Landsstjórn landssambands framsóknarkvenna átelur Egil Helgason

Landsstjórn Landssambands framsóknarkvenna, LFK, átelur Egil Helgason fjölmiðlamann fyrir birtingu á myndbandi því sem hann birtir á vefsíðu sinni Silfur Egils 4. október sl.

Landsstjórn Landssambands framsóknarkvenna álitur myndbandið vera myndbirtingu eineltis og harmar slík vinnubrögð fjölmiðlamannsins. Athæfi hans er ekki síst alvarlegt í ljósi þess að hann er ráðinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, fjölmiðils allra landsmanna.



Til eru ýmsar skilgreiningar á einelti sem allar eiga þó sameiginlegt að vísa til neikvæðrar hegðunar sem beinist að ákveðnum aðila eða aðilum á vinnustað. Í [reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum, nr. 1000/2004](#), er einelti skilgreint þannig:

„Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að“.

Fjölmiðlar bera mikla ábyrgð á mótun þeirrar menningar og orðræðu sem fram fer í samfélaginu og með slíkri birtingu er verið að samþykkja einelti. Landsstjórnin veltir upp þeirri spurningu á hvaða vegferð við séum sem samfélag þegar slík birting er samþykkt á svipuðum tíma og talsverð umræða hefur verið um einelti og skelfilegar afleiðingar þess.

Landsstjórnin telur einnig myndbirtingu sem þessa ekki til þess fallna að auka veg og virðingu Alþingis en það er verkefni sem við þurfum öll að taka þátt í saman, þingmenn sem aðrir.

Jafnframt hvetur landsstjórnin Egil Helgason til þess að biðja þingkonuna afsökunar.